

32
7. maí

L Ö G

um

sundhöll í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landstjórninni er heimilt að leggja alt að 100 þús. kr., móti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, til að byggja sundhöll í Reykjavík, er sje fullbúin til afnota 1930, með þeim skilyrðum, sem hjer segir:

- a. Að Reykjavíkurbær leggi sundhöllinni til ókeypis heppilega lóð nærri hinum nýja barnaskóla bæjarins og heitt laugavatn, eftir að það hefir gengið gegnum hitaleiðslur þess skóla.
- b. Að ráðuneytið samþykki uppdrátt og lýsingú af sundhöllinni og legu hennar, enda sje hún eign bæjarfjelagsins.
- c. Að nemendur úr skólum, sem landið kostar að meira eða minna leyti, í Reykjavík fái ókeypis aðgang til æfinga í sundhöllinni, eftir nánara samkomulagi milli bæjarstjórnar og stjórnar landsins.
- d. Að Reykjavíkurbær kosti viðhald og rekstur sundhallarinnar, en en selji þó ekki almenningi aðgang dýrari en þarf til að fyrirtækið beri sig. Aðgangseyrir skal ákveðinn í gjaldskrá, er bæjarstjórn setur og ráðherra staðfestir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.